



# HAFNARFJÖRÐUR

## Minnisblað – öll ráð – ágúst 2019

### Málsnr. 1902408 – Fjárhagsáætlun 2020 - 2023

#### Minnisblað Sambandsins - Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlun til þriggja ára:

- Neysluverðsvísitala hækkar um 3,2% árið 2020 skv. Þjóðhagsspá hagstofu
  - Liðir sem taka vísitöluhækkunum sem og ákveðnir kostnaðarliðir munu því hækka sem því nemur. Mælt er til að liðir í gjaldskrá hækki ekki umfram 2,5%. Ráðin fjalli nánar um gjaldskrár á sínum sviðum.
  - Greiningadeildir bankastofnana og Seðlabanki spá hækkingu neysluverðsvísitölu á bilinu 2,7 – 4,5%. Sveitarfélög er hvött til að hafa hliðsjón af öðrum spám en hagspá í ljósi þess að uppfærð spá mun að öllum líkindum ekki liggja fyrir fyrir en eftir að drög að áætlun eiga að liggja fyrir eða þann 1. nóvember 2019.
- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 6% á landvísu og í Hafnarfirði um 7,6%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 6,9%, bæði meðaltal landsvísu og í Hafnarfirði.
- Launavísitala hækkar um 5,6% skv. Þjóðhagsspá hagstofu og er miðað við þá hækkingu í áætlun útsvars. Samningar á almennum markaði draga vissulega úr óvissu við fjárhagsáætlunargerð hvað tekjustofna varðar en enn er eftir að semja við opinbera starfsmenn og ýmis stéttarfélög.
- Laun verða sem fyrr áætluð í launakerfi fyrir hvert og eitt stöðugildi. Kjarasamningar eru lausir og enn ríkir mikil óvissa um laun bæði þessa árs og næsta.
- Áætluð framlög jöfnunarsjóðs eru háð ákveðinni óvissu vegna nýgenginna dómsmála.

#### Tímarammi fjárhagsáætlunar 2020

- Launateningur verður opnaður í viku 33. Launaáætlun á að liggja fyrir í lok ágúst (grunn- og leikskóla er ekki hægt að fullklára fyrir en í september).
- Tekjuáætlun unnin september í takti við útkomuspá, efnahagsspá og áherslur.
- Rekstraráætlunarskjal verður sent út í viku 33 og skilafrestur er 20. september. (vika 38)
  - Fastir liðir eiga þó að liggja fyrir í ekki síðar en 5. september (vika 36)
  - Athuga sérstaklega áætlun um búnaðarkaup og nauðsynlegt viðhald.
  - **Vinna skal rekstraráætlun miðað við óbreyttan og eða sparnað í rekstri. Allar óskir um breytingar og/eða viðbætur skulu lagðar fram í sérstökum listum og tekið fyrir eftir að grunnur fjárhagsáætlunar liggur fyrir.**
- Framkvæmdaáætlun skal liggja fyrir þann **27 sept.** (vika 39)
- Greinargerð á að vinnast samhliða áætlanagerð og liggja fyrir þegar áætlun verður lögð fram í lok október.



## HAFNARFJÖRÐUR

- Ráðin verði með **endanlegar tillögur í viku 42** (13 – 19. okt. og bæjarráð þarf að afgreiða tillögur í viku **43** (bæjarráð er 24. okt).
- **Lokafrágangur og fjárhagsáætlun – möguleiki á aukafundi í bæjarráði í viku 44.**  
**(Athuga að 31. okt er fimmtudagur og er það síðasti mögulegi dagur fyrir aukafund til endanlegrar afgreiðslu)**
- Fyrri umræða bæjarstjórnar verður 13. nóvember 2019. Seinni umræða og endanleg afgreiðsla fjárhagsáætlunar fari fram eigi síðar en 11. desember þar sem það er síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir 15. desember 2019.